



Skipulagsnefnd 1957, lífeyrissjóður 1967 -1968

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Skipulagsnefnd – Um almennan lífeyrissjóð - Lífeyrissjóður allra
landsmanna

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-40, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



G.H. 11/7 1967.

UM ALMENNAN LÍFEYRISSJÓÐ

rúi Sjálfstæðisflokksins í nefnd þeirri, sem félags- skipaði 6. apríl 1966 til að semja frumvarp til laga um lífeyrissjóð, þykir mér rétt að gera á þessu stigi grein fyrir áls og framtíðarhorfum, einkum með hliðsjón af því, að hvernig þetta kjörtímabil.

Þrögð nefndarinnar og hugsanleg tímamörk.

Nefndin hefur farið sér mjög hægt. Hún hefur aðeins haldið 6 fundi, og stafar það m.a. af því, að tveir nefndarmanna eru búsettir úti á landi (annar er þó lengst af í Reykjavík) og formaður hefur átt við alvarleg veikindi að stríða. Á vegum nefndarinnar hefur ekki enn verið unnið annað en það, sem ég hef tekið saman um ýmis atriði, er máli skipta og orðið geta nefndarmönnum til leiðbeiningar. Í vor kom ég við í Noregi og kynnti mér útreikninga þá, sem þar voru gerðir í sambandi við undirbúning almenns lífeyrissjóðs eða eftirlaunatryggingar þar í landi.

Það var að mínu áliti ágætt, að mál þetta skyldi ekki vera dregið inn í kosningabaráttuna að þessu sinni, og hef ég því ekki haft neitt við vinnubrögðin að athuga til þessa. Hitt er ljóst, að hér er um svo stórt verkefni að ræða, að breyting þarf að verða á í þessu efni, ef málið á að fá viðunandi undirbúning og komast í höfn að fáum árum liðnum. Til skýringar skal ég drepa á, hvernig unnið hefur verið á þessu sviði í Noregi og hvernig unnið er í Danmörku.

Í janúar 1962 skipaði ríkisstjórn Noregs nefnd til að gera tillögur um almenna lífeyristryggingu. Nefndin skilaði áliti í nóvember 1963, og síðan var undirbúningi málsins haldið stöðugt áfram. Þótt gert væri ráð fyrir, að ný löggjöf gæti komið til framkvæmda 1. janúar 1967, kom brátt í ljós, að ógerlegt mundi reynast að leysa öll vandamál, er úrlausnar þörfuðust, fyrir þann tíma. Í kosningunum 1965 varð það hins vegar deilumál milli þáverandi stjórnarflokks og stjórnarandstöðuflokka, hvorum væri betur treystandi til að koma málinu fram á tilsettum tíma. Ríkisstjórn sú, sem tók við völdum haustið 1965, lagði þess vegna allt kapp á, að staðið yrði við áætlunina um gildistöku 1. janúar 1967. Var það gert, en jafnframt voru sett ákvæði til bráðabirgða um ýmis mikilvæg atriði, sem ekki vannst tími til að leysa. Er nú unnið að lausn þeirra, en allir munu vera sammála um, að æskilegra hefði verið að ljúka því verki samtímis aðalverkefninu.

Í Danmörku var í janúar 1964 skipuð nefnd til að gera grein fyrir áhrifum almennrar lífeyristryggingar, er væri í stórum dráttum hliðstæð sænsku viðbótartryggingunni, og gera tillögur um hana. Nefndin skilaði áliti í marz mánuði síðastliðnum, en þar er aðeins gerð grein fyrir höfuðatriðum, en ekki gengið frá tillögum í frumvarpsformi. Er gert ráð fyrir, að umræður fari fram um málið, en síðan verði gengið frá frumvarpi, og hef ég heyrt, að stefnt muni verða að því, að hin nýja trygging komi til framkvæmda árið 1970.

UM ALMENNAN LÍFEYRISSJÓÐ

Sem fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í nefnd þeirri, sem félagsmálaráðherra skipaði 6. apríl 1966 til að semja frumvarp t.l laga um almennan lífeyrissjóð, þykir mér rétt að gera á þessu stigi grein fyrir gangi þessa máls og framtíðarhorfum, einkum með hliðsjón af því, að nú er hafið nýtt kjörtímabil.

1. Um vinnubrögð nefndarinnar og hugsanleg tímamörk.

Nefndin hefur farið sér mjög hægt. Hún hefur aðeins haldið 6 fundi, og stafar það m.a. af því, að tveir nefndarmanna eru búsettir úti á landi (annar er þó lengst af í Reykjavík) og formaður hefur átt við alvarleg veikindi að stríða. Á vegum nefndarinnar hefur ekki enn verið unnið annað en það, sem ég hef tekið saman um ýmis atriði, er máli skipta og orðið geta nefndarmönnum til leiðbeiningar. Í vor kom ég við í Noregi og kynnti mér útreikninga þá, sem þar voru gerðir í sambandi við undirbúning almenns lífeyrissjóðs eða eftirlaunatryggingar þar í landi.

Það var að mínu áliti ágætt, að mál þetta skyldi ekki vera dregið inn í kosningabaráttuna að þessu sinni, og hef ég því ekki haft neitt við vinnubrögðin að athuga til þessa. Hitt er ljóst, að hér er um svo stórt verkefni að ræða, að breyting þarf að verða á í þessu efni, ef málið á að fá viðunandi undirbúning og komast í höfn að fáum árum liðnum. Til skýringar skal ég drepa á, hvernig unnið hefur verið á þessu sviði í Noregi og hvernig unnið er í Danmörku.

Í janúar 1962 skipaði ríkisstjórn Noregs nefnd til að gera tillögur um almenna lífeyristryggingu. Nefndin skilaði áliti í nóvember 1963, og síðan var undirbúningi málsins haldið stöðugt áfram. Þótt gert væri ráð fyrir, að ný löggjöf gæti komið til framkvæmda 1. janúar 1967, kom brátt í ljós, að ógerlegt mundi reynast að leysa öll vandamál, er úrlausnar þörfnuðust, fyrir þann tíma. Í kosningunum 1965 varð það hins vegar deilumál milli þáverandi stjórnarflokks og stjórnarandstöðuflokka, hvorum væri betur treystandi til að koma málinu fram á tilsettum tíma. Ríkisstjórn sú, sem tók við völdum haustið 1965, lagði þess vegna allt kapp á, að staðið yrði við áætlunina um gildistöku 1. janúar 1967. Var það gert, en jafnframt voru sett ákvæði til bráðabirgða um ýmis mikilvæg atriði, sem ekki vannst tími til að leysa. Er nú unnið að lausn þeirra, en allir munu vera sammála um, að æskilegra hefði verið að ljúka því verki samtímis aðalverkefninu.

Í Danmörku var í janúar 1964 skipuð nefnd til að gera grein fyrir áhrifum almennrar lífeyristryggingar, er væri í stórum dráttum hliðstæð sænsku viðbótartryggingunni, og gera tillögur um hana. Nefndin skilaði áliti í marz mánuði síðastliðnum, en þar er aðeins gerð grein fyrir höfuðatriðum, en ekki gengið frá tillögum í frumvarpsformi. Er gert ráð fyrir, að umræður fari fram um málið, en síðan verði gengið frá frumvarpi, og hef ég heyrt, að stefnt muni verða að því, að hin nýja trygging komi til framkvæmda árið 1970.

Með hliðsjón af framanrituðu virðist mér óhyggilegt að gera ráð fyrir, að frumvarp um almennan lífeyrissjóð hér á landi verði tilbúið fyrir þinglok 1968. Hins vegar mætti hugsa sér, að gerð yrði grein fyrir ýmsum mikilvægum atriðum fyrir þann tíma, frumvarp yrði síðan lagt fram á þingi 1968 - 1969 og afgreitt sem lög veturinn 1969 - 1970.

2. Nokkur vandamál.

Nefndarmenn hafa hingað til virzt mjög hikandi við að láta í ljós skoðanir sínar á helztu vandamálum, sem drepið hefur verið á á nefndarfundum. Stafar þetta sjálfsagt af varfærni og e.t.v. einnig af vanþekkingu, þar eð menn eru lengi að kynna sér málið til hlítar. Er mér kunnugt um, að formaður hefur af þessu tilefni rætt um það við félagsmálaráðherra, að formaður geri á næstunni ákveðnar tillögur, sem notaðar yrðu sem starfsgrundvöllur.

Ef komið verður á viðbótartryggingu hér á landi, svipaðri þeim, sem lögfestar hafa verið í Svíþjóð og Noregi, hlýtur núverandi almannatryggingum um leið að verða stakkur skorinn. Í báðum löndunum hafa viðbótartryggingarnar verið tengdar hinum eldri almannatryggingum með þeim hætti, að nauðsynlegt er, að héðan í frá breytist grunnlífeyririnn (í Noregi "grunnpensjon", í Svíþjóð "folkpension") nokkurn veginn í hlutfalli við almennt kauplag. Gæti því þurft að taka afstöðu til, hvort núverandi ellilífeyrir almannatrygginga sé hæfilegur fyrir þá, sem ekki öðlast rétt til bóta frá hinum almenna lífeyrissjóði (í hlutfalli við árslauð almennra launþega hefur einstaklingslífeyrir almannatrygginga farið lakkandi síðan 1960, og þetta hlutfall er nú lægra á Íslandi en í Svíþjóð, Noregi og Danmörku).

Annað vandamál, sem orðið getur mjög viðkvæmt stjórnmálalega, er það, hvert hlutskipti lífeyrissjóðum þeim, sem nú starfa, verður ætlað. Mér er kunnugt um, að forystumenn sjóðanna vilja fylgjast vel með framvindu málsins og virðast sumir hverjir hafa mjög ákveðnar skoðanir í þessum efnum. Þótt sjóðunum yrði að formi til leyft að starfa áfram, væri með ýmsum aðferðum, svo sem ríkisframlagi, lágum iðgjöldum í byrjun o.fl., hægt að gera hinn nýja sjóð svo lokkandi, að grundvöllinum yrði kippt undan starfsemi þeirra. Í Noregi er öllum skylt að vera í hinu nýja heildarkerfi, en engu að síður vill norska ríkisstjórnin ýta undir starfsemi frjálsra lífeyrissjóða. Hefur hún skipað nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um skattfríðindi í sambandi við iðgjaldagreiðslur vegna frjálsra lífeyristrygginga (hjá lífeyrissjóðum eða tryggingafélögum). Í erindisbréfi þessarar nefndar tók norska félagsmálaráðuneytið m.a. fram eftirfarandi:

"Det bør legges stor vekt på at reglene utformes slik at de kan stimulere til opprettelse av gode og hensiktsmessige pensjonsordninger, og at de er enkle å praktisere."

Gera má ráð fyrir, að í framtíðinni verði lífeyrissjóðir í Noregi einkum starfræktir fyrir þá, sem ná aðeins lágum hundruðshluta af launum í lífeyri frá hinu almenna kerfi (þ.e.a.s. eru með meira en miðlungstekjur), og þá sem telja sig þurfa að hætta starfi fyrr en við 70 ára aldur (í Noregi er ellilífeyrir greiddur þeim, sem náð hafa þeim aldri).

Að lokum skal drepið á fjárhagshlið málsins. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram, að greidd skuli tiltekin iðgjöld, en síðan greiði ríkissjóður það, sem á vantar, og verðtryggi sjóðinn. Tel ég hugmynd þessa algerlega óaðgengilega, þar eð smám saman gæti leitað

í það horf, að meginþungi byrðanna legðust beint á ríkissjóð. Ekki hef ég heldur orðið þess var, að slíkar hugmyndir kæmu fram í umræðum um eftirlaunamálin á hinum Norðurlöndunum.

Í sjóði með þátttökuskyldu er sjóðmyndun ákveðin fremur í efnahagslegum en tryggingafræðilegum tilgangi, og frá því sjónarmiði tel ég sjóðmyndun þurfa að vera meiri í landi, þar sem sparnaðar- og fjárfestingarþörf er mikil, en í háþróðu landi, þar sem stóraukins sjóðmyndun getur leitt til samdráttar í efnahagslífinu. Í Noregi hefur ekki verið deilt um sjóðmyndunina, en hins vegar er þar togstreita um ávöxtunina og dreifingu valds í því efni út um landsbyggðina.

3. Um afstöðu Sjálfstæðisflokksins.

Mér þykir sennilegt, að lífeyrissjóðsmálið beri á góma í viðræðum milli stjórnflokkanna fyrir haustið. Sú tilgáta, sem einn nefndarmanna hefur skotið fram, að á einhvern hátt kunni að verða samið við verkalýðsfélög um mál þetta í haust, þykir mér ósennilegri. Af framanrituðu virðist mér ótvírætt mega draga þá ályktun, að mikla gát verði að hafa á um loforð og yfirlýsingar enn sem komið er. Hitt teldi ég æskilegt, að Sjálfstæðisflokkurinn gæti haft nokkurt frumkvæði í málinu og þar með væntanlega ráðið meiru um gang þess en ella.

Guðjón Hansen (sign.)

Til
dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra,
Reykjavík.

Greinargerð fyrir drögumað frumvarpi til laga um almennan lífeyrissjóð.

Með bréfi, dags. 6. apríl 1966, skipaði félgasmála-ráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð. Í nefndinni eiga þessir menn sæti: Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Erlendur Vilhjálmsson, deildarstjóri, Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, Hannibal Valdimarsson, alþingismaður og Ingvar Gíslason, alþingismaður. Skömmu áður en nefnd þessi var skipuð, var útbýtt á Alþingi álitserð Haraldar Guðmundssonar, fyrrv. ráðherra, en árið 1964 hafði félagsmálaráðherra falið Haraldi að semja álitserð um, hvort ekki væri tímabært að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn, sem ekki eru nú þegar aðilar að lífeyrissjóðum, gætu átt aðgang að.

Þótt rekja megi sögu þessa máls til þingsályktunar Alþingis frá 31. maí 1957 um að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort tiltækilegt væri að stofna lífeyrissjóð fyrir sjómenn, verkamenn, bændur, útvegsmenn og aðra þá, sem ekki nytu lífeyristryggingar hjá sérstökum lífeyrissjóðum, hafa umræður og hugmyndir-þ.á.m. þær, sem fram koma í áðurnefndri álitserð Haraldar Guðmundssonar- mótazt mjög af þeirri löggjöf um almenna eftirlaunatryggingu, sem sett hefur verið í Noregi og Svíþjóð. Við samningu fyrsu draga að lagafrumvarpi hefur nefndin því í mörgum meginatriðum haft hliðsjón af þeirri löggjöf. Skal nú vikið að nokkrum atriðum í sambandi við hugsanlega íslenska lagasetningu á þessu sviði.

1. Dátttaka.

Miklu skiptir, hvort miða á við þátttökuskyldu a.m.k. þorra starfandi fólks eða frjálssa þátttöku eingöngu. Með því að fara fyrri leiðina er unnt að hafa iðgjöld til eftirlaunatryggingarinnar lág fyrstu árin og hækka þau síðan smátt og smátt. Í frjálsum lífeyrissjóði er slíkt hins vegar óhugsandi, þar eð búast mætti við, að menn greiddu

til sjóðsins, meðan iðgjöld væru lág, en hættu þátttöku, þegar þeim þættu þau orðin of há.

Í drögunum er gert ráð fyrir þátttökuskyldu annarra en félaga lögboðinna lífeyrissjóða og þeirra viðurkenndra lífeyrissjóða, sem óska undanþágu frá þátttöku. Er þetta í samræmi við það verkefni, sem Haraldi Guðmundssyni var fengið í hendur og áður er minnzt á, en aðrar leiðir í þessu efni gætu komið til álita. Þótt nær óhugsandi sé, að núverandi lífeyrissjóðir verði lagðir niður, þannig að fé þerra renni í hinn almenna sjóð, mætti hugsa sér eftirtaldar leiðir:

- a. Þátttökuskylda í almennum lífeyrissjóði næði einnig til félaga í öðrum lífeyrissjóðum. Mundi starfsemi annarra sjóða þá væntanlega dragast saman, og sumir þeirra myndu e.t.v. hætta starfsemi.
- b. Þeir, sem nú eru félagar í öðrum lífeyrissjóðum, yrðu undanþegnir þátttökuskyldu í almennum lífeyrissjóði, en ekki nýir félagar þeirra. Einnig þessi leið mundi valda samdrætti í starfsemi annarra sjóða.
- c. Undanþága yrði ekki einungis veitt félögum núverandi lífeyrissjóða, heldur yrði einnig heimilt að veita félögum nýrra sjóða.

Tæknileg atriði í sambandi við undanþágu frá þátttöku hefur nefndin ekki kannað.

2. Samband milli eftirlaunatryggingar og almannatrygginga.

Bræði í Noregi og Svíþjóð hefur verið sett heilsteypt heildarlöggjöf um grunn- og eftirlaunatryggingu. Ef hafa ætti sama hátt á héraendis, yrði löggjöf um almenna eftirlaunatryggingu komið á með breytingu á almannatryggingalögunum. Núgildandi lífeyrisréttindi almannatrygginga yrðu þá grunntrygging, en til viðbótar kæmu ákvæði um almenna eftirlaunatryggingu.

Hvort sem eftirlaunatryggingin yrði hluti af almannatryggingunum eða stofnaður yrði sjálfstæður lífeyrissjóður, yrði þörf endurskoðunar almannatryggingalaga til þess, að

sem fyllst samræmi yrði milli ákvæða um lífeyrisréttindi. Nefndinni hefur hins vegar verið falið slíkt verkefni, og hefur hún því einskorðað breytingartillögur sínar við almannatryggingalögin við eina nýja grein um svokallaða grundvallarfjárhæð almannatrygginga, en af þeirri fjárhæð ákvarðast iðgjöld og bótaréttindi hjá eftirlaunatryggingunni (lífeyrissjóðnum).

3. Iðgjaldabyrði og skipting hennar.

Í drögunum eru bótaréttindi við það miðuð, að iðgjöld þurfi ekki fram til aldamóta að vera hærri en 10% af iðgjaldaskyldum tekjum. Á það skal bent, að ekki er gert ráð fyrir iðgjöldum af þeim hluta árlegra atvinnutekna, sem svara til grundvallarfjárhæðarinnar (kr. 48.000.00) né af þeim hluta atvinnutekna, sem er umfram 8-falda grundvallarfjárhæð, en hins vegar einskorðast iðgjaldagreiðslur ekki við föst laun, svo sem nú á sér stað hjá flestum lífeyrissjóðum.

Að sjálfsögðu hlýtur að vera sambengi milli hundraðshluta iðgjalda og bótaákvæða. Ef fært yrði talið að miða við hærri iðgjöld, t.d. 12% eða 15% af iðgjaldaskyldum tekjum, kæmi t.d. til álita, hvort mikilvægara væri að hækka hundraðshluta lífeyris eða lækka lífeyrisaldur.

Í drögum er gert ráð fyrir, að iðgjöld skiptist milli launþega og vinnuveitenda í sama hlutfalli og nú er algengast í lífeyrissjóðum. Tæknilega væri mikill hagur að því, að iðgjöld væru einvörðungu greidd af öðrum aðilanum.

4. Sjóðmyndun og ávöxtun.

Í sambandi við sjóðmyndun skal bent á eftirtalin fjögur sjónarmið:

- a. Tryggingafræðilegt sjónarmið. Í frjálsum lífeyrissjóði verður að leggja höfuðáherzlu á, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni og sjóðmyndun eigi sér stað í samræmi við það. Í almennum sjóði með þátttökuskyldu og þar með möguleikum á iðgjaldahækkunum síðar eftir því, sem þörf kerfur, minnkar gildi

þessa sjónarmiðs.

- b. Efnahagslegt sjónarmið. Stofnun almenns lífeyrissjóðs fyrir allt starfandi fólk eða mikinn hluta þess getur haft geysimikil áhrif í efnahagsmálum, og sjóðsmyndun hjá slíkum sjóði í ósamræmi við stefnu og markmið á þeim sviðum gæti leitt til tjóns. Frá þessu sjónarmiði getur þörfin fyrir sjóðmyndun verið mjög mismikil eftir löndum, og má gera ráð fyrir, að hér á landi sé þörf meiri sjóðmyndunar en í þeim löndum, þar sem fjárfesting er minni eða sparifjármýndun meiri.
- c. Ávöxtunarsjónarmið. Venjulega er reiknað með, að sjóðmyndun hafi í för með sér lægri iðgjöld en ella, þegar til lengdar lætur, þar eð vaxtatekjur standi þá að nokkru leyti undir lífeyrisgreiðslum. Til þess að svo megi verða, þurfa vextir hins vegar að vera hærri en árlegar almennar kauphækkanir. Þótt útreikingar, sem gerðir hafa verið, miðist við, að vextir og kauphækkanir standist á og reynsla undanfarinna áratuga bendi ekki til, að ástæða sé til meiri bjartsýni í því efni frá sjónarhóli sjóðsins, er vart rétt að láta þetta sjónarmið engu skipta.
- d. Réttlætissjónarmið. Séu iðgjöld ekki við það miðuð, að allmikil sjómyndun eigi sér stað, fá þeir, sem fyrstir öðlast rétt til lífeyris, bætur, sem eru í engu samræmi við greiðslur þeirra til sjóðsins. Þar sem lífeyrir er þeim mun hærri, sem tekjur hafa verið hærri, er hæpnara en ella að leggja byrðina af lífe risgreiðslunum á herðar annarrar kynslóðar.

5. Stjórn sjóðsins.

Í drögunum er gert ráð fyrir, að bótaúrskurðir verði í höndum Tryggingastofnunarinnar með sama hætti og úrskurður bóta almannatrygginga, en hins vegar hafi sérstök stjórn með höndum ávöxtun fjár sjóðsins. Með skírskotum til þess, sem að framan er sagt um efnahagsleg sjónarmið í sambandi við sjóðmyndunina, verður að teljast eðlilegt, að þeir aðilar,

sem einkum móta stefnuna í efnahagsmálum, eigi aðild að stjórn sjóðsins ásamt þeim, sem að sjóðnum standa, þ.e. launþegum og atvinnurekendum.

Um önnur atriði en þau, sem hér hafa verið nefnd, skírskotast til athugasemda, sem frumvarpsdrögunum fylgdu.

G.H. 16/4 1968.

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um
Lífeyrissjóð allra landsmanna.

I. Inngangur.

Í framhaldi af mannfjöldaútreikningum og útreikningum á væntanlegum tekjum og gjöldum almenns lífeyrissjóðs, sbr. töflur 12 og 13 ásamt athugasemdum, dags. 8/11 1967, var rætt um það, hvor vinnuaðferðin væri heppilegri, að taka fyrir höfuðatriði lífeyrissjóðsmálsins hvert af öðru og semja síðan drög að frumvarpi, eða semja drög og ræða síðan vandamál þau, sem við blöstu. Kom fram ósk um það í nefndinni, að síðarnefndni hátturinn yrði á hafður. Með tilliti til þess hafa meðfylgjandi drög verið samín. Þau eru lögð fram sem hugmynd, er kynni fljótlega að verða lögð til hliðar, og virðist því ekki ástæða til að fullvinna allar greinar frumvarpsins á þessu stigi.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar er það verkefni hennar að semja frumvarp til laga um almennan lífeyrissjóð. Það hlýtur hins vegar að koma til álita, hvort ekki sé heppilegra að gera þær breytingar á lögunum um almanna-tryggingar, að þau verði samræmd heildarlöggjöf um grunntryggingu í samræmi við núverandi kerfi ásamt almennri viðbótartryggingu. Að fenginni niðurstöðu um þetta atriði er ástæða til að athuga rækilega ýmsar tæknihlíðar málsins, svo sem álagningu og innheimtu iðgjalda.

Forsendur áðurnefndra útreikninga miðuðust að mestu við norska viðbótarakerfið, og eru bótaákvæðin í meðfylgjandi drögum í meginatriðum í samræmi við það.

II. Um nýtt ákvæði í lögum um almannatryggingar.

Eigi viðbótartryggingin að veita bætur í hlutfalli við atvinnutekjur, eins og þær eru á hverjum tíma, þ.e. bætur, sem taka almennum verðlags- og lífskjarabreytingum, þarf að skapa reikningsgrundvöll fyrir stigaútreikning. Virðist eðlilegast að sá grundvöllur verði tengdur bótum almannatrygginga með sviðuðum hætti og á sér stað í Noregi og Svíþjóð. Ekki er þó nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til, hve háar bætur almannatrygginga (grunntryggingarinnar) skuli vera, heldur nægir að ákveða hámark slíkra bóta. Með því að tiltaka grundvallarfjárhæðina kr. 48.000.00 mundi núverandi ellilífeyrir einstaklings, tekinn frá 67 ára aldri, nema um 77% af grundvallarfjárhæðinni. Væri hugsanlegt að halda sér við þann hundradshluta í framtíðinni eð hækka hann í 90% (sbr. Svíþjóð) eða jafnvel í 100% (sbr. Noreg) og gæti slík hækkun átt sér stað í áföngum.

Rétt er að vekja athygli á mismunandi aldursmarki, sem ellilífeyrir er miðaður við í almannatryggingalögum (67 ára) og meðfylgjandi drögum (70 ára). Sá, sem frestar töku ellilífeyris almannatrygginga til 70 ára aldurs, fær árslífeyri, sem nemur nú kr. 49.129.00, þ.e. nokkru hærri fjárhæð en framangreindri grundvallarfjárhæð.

III. Um einstakar greinar frumvarps til laga um

Lífeyrissjóð allra landsmanna.

Um 2. gr.

Ekki er gert ráð fyrir, að sjóðurinn greiði barnalífeyri. Þótt íslenzkir lífeyrissjóðir greiði langflestir barnalífeyri, miðast hann yfirleitt ekki við tekjur (eða iðgjöld), heldur við barnalífeyri almannatrygginga. Virðist þá eðlilegra, að barnalífeyrir sé greiddur í einu lagi af grunntryggingunni en honum sé skipt milli grunntryggingar og viðbótartryggingar án þess að um nokkurn eðlismun sé að ræða á hinum tvískiptu greiðslum.

Um 3. grein.

Athuga þarf gaumgæfilega skilgreiningu á því, hverjir skuli teljast sjóðfélagar, og bera saman við ákvæðin um bótarétt.

Um 4. grein.

Ákvæði um undanþágu frá þátttöku þarfnast rækilegrar athugunar, ekki sízt frá tæknilegri hlið.

Um 5. grein.

Gerður er skýr greinarmunur á fjárhagslegri stjórn sjóðsins og úrskurðun bóta. Æskilegt er, að síðarnefnda verkefnið sé í höndum þeirra, sem úrskurða bætur grunntryggingarinnar, en fjárhagshliðin verður hins vegar með allt öðrum hætti en hjá grunntryggingunni. Um fjölda stjórnarmanna og tilnefningu verða vafalaust skiptar skoðanir, og eru hér einungis nefndir þrír þeirra aðila, sem til greina gætu komið, þegar tilnefning ætti sér stað.

Um 7. grein.

Ákvæði um ávöxtun gætu verið tvenns konar, annars vegar ákvæði til að tryggja, að öryggis sé gætt í útlánum og verðbréfakaupum, hins vegar ákvæði um þá stefnu, sem fylgja beri í sambandi við ávöxtunina. Er ekki gerð tilraun til að orða slík ákvæði á þessu stigi málsins.

Um 8. grein.

Ákvæði þessarar greinar eru mjög sviðuð hliðstæðum norskum ákvæðum, en þó eru norsku ákvæðin mun fyllri (hér er gert ráð fyrir fyllri ákvæðum í reglugerð). Á síðara stigi mætti gera grein þessa ítarlegri.

Síðasta málsgrein 8. greinar er í samræmi við viðtæka venju um skiptingu iðgjalda til íslenskra lífeyris-sjóða.

Um 10.-12. grein.

Um bótaákvæðin er það að segja, að ákvæðum 10. og 11. greinar um elli- og örorkulífeyri svipar mjög til tilsvareandi norskra ákvæða, en hins vegar eru ákvæði 12. greinar um ekkjulífeyri mjög frábrugðin norskum ákvæðum. Norðmenn gera ráð fyrir því sem meginreglu, að mat fari fram á aðstæðum ekkju til vinnu utan heimilis (ekki ósvipað örorkumati), og þar af leiðandi hafa þeir treyst sér til að láta gilda að formi til jafnrétti ekkna og ekkla. Svo víðtækur réttur til ekkilslífeyris, sem gildir í flestum íslenskum lífeyrissjóðum, mun ekki þekkjast annars staðar á Norðurlöndum.

Í útreikningum þeim, sem áður eru nefndir, var gert ráð fyrir umframbótum (hærri bótum en almennar reglur um iðgjaldagreiðslutíma veita tilefni til) til þeirra, sem aldurs vegna geta ekki náð hámarksréttindum í sjóðnum. Sennilega ættu slík ákvæði bezt heima meðal bráðabirgða-ákvæða.

Frumvarp til laga
um Lífeyrissjóð allra landsmanna.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður allra landsmanna og starfar með því skipulagi, sem í lögum þessum greinir. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlátnum ekkjum þeirra ekkjulífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 4. gr., skulu eftirfarandi teljast sjóðfélagar:

- a. Allir þeir, sem búsettir eru hér á landi.
- b. Allir þeir, sem lögskráðir eru á íslensk skip. Við afskráningu teljast þeir áfram sjóðfélagar unz greiðsla kaups eða aflahlutar fellur niður samkvæmt lögum eða samningum.
- c. Íslenskir ríkisborgarar erlendis, sem eru launaðir starfsmenn íslensku utanríkisþjónustunnar eða vinna í þjónustu slíkra starfsmanna.

Heimilt er tryggingaráði í samræmi við reglur, er félagsmálaráðuneytið setur, að veita þátttökurétt í sjóðnum einstaklingum, sem dveljast hér á landi, en uppfylla ekki skilyrði 1. málsg. þessarar greinar, svo og íslenskum ríkisborgurum erlendis, öðrum en þeim, sem nefndir eru í c-lið.

Enginn telst sjóðfélagi fyrr en frá byrjun þess árs, er hann nær 17 ára aldri.

4. gr.

Sjóðfélagar teljast ekki:

- a. Þeir, sem njóta lífeyrisréttinda í öðrum lífeyrissjóðum, sem stofnaðir eru með lögum.
- b. Þeir, sem njóta réttinda í lífeyrissjóðum, sem öðlast hafa viðurkenningu fjármálaráðuneytisins fyrir gildistöku laga þessara, enda hafi hlutaðeigandi sjóður fyrir 1. júlí 1969 sótt skriflega um það til félagsmálaráðuneytisins, að félagar hans verði undanþegnir þátttöku í Lífeyrissjóði allra landsmanna. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd undanþágu samkvæmt þessum staflið.

Heimilt er félagsmálaráðuneytinu, að fenginni umsögn tryggingaráðs, að undanþiggja þátttöku í sjóðnum þá, sem tryggður er lífeyrir samkvæmt erlendum lögum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, tveir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands og einn tilnefndur af Seðlabanka Íslands, og skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og tilnefndir með sama hætti og þeir.

Tryggingastofnun ríkisins úrskurðar bætur samkvæmt lögum þessum. Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið, og ber því að hafa eftirlit með framkvæmd bótagreiðslna. Tryggingastofnunin annast að öðru leyti reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins. Um þóknun Tryggingastofnunarinnar fyrir störf þessi fer eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag hans, rekstri og starfsemi, annarri en úrskurðun bóta, sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

6. gr.

Reykningarár sjóðsins er almanaksárið. Reykningar hans skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

7. gr.

Um ávöxtun fjár sjóðsins.

8. gr.

Greiða skal iðgjöld til sjóðsins af öllum atvinnutekjum sjóðfélaga, sbr. þó 2. og 3. málsg. þessarar greinar. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði, sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni, hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði, sem þau eru metin til skatts. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

Aður en ársiðgjald sjóðfélaga er reiknað, skal draga frá árs-tekjum samkvæmt 1. málsg. grundvallarfjárhæð almannatrygginga, sbr. gr. laga nr. um breytingu á lögum nr. 40 1963 um almannatryggingar, og enginn skal greiða ársiðgjald af meiru en 7-faldri grundvallarfjárhæð almannatrygginga.

Enginn greiðir iðgjöld fyrr en frá byrjun þess árs, er hann nær 17 ára aldri, sbr. 3. gr., og iðgjaldagreiðslur falla niður í lok þess árs, er sjóðfélagi nær 69 ára aldri.

Alþingi ákveður fyrir 5 ár í senn iðgjöld til sjóðsins sem hundraðshluta af iðgjaldsskyldum tekjum. Frumvarpi um iðgjöld skulu fylgja tilögur Tryggingastofnunar ríkisins og Efnahagsstofnunarinnar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau nægi fyrir útgjöldum og hafi í för með sér þá sjóðmyndun, sem hæfileg verður talin.

Þegar um launþega er að ræða, skulu iðgjöld skiptast þannig, að launþegi skal greiða 2/5 iðgjaldsins, en vinnuveitandi 3/5. Nánari ákvæði um, hverjir teljast launþegar í þessu sambandi, svo og um útreikning á iðgjöldum atvinnurekenda, skulu sett með reglugerð.

9. gr.

Iðgjaldsskyldar tekjur sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknaðar í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í iðgjaldsskyldar tekjur sjóðfélagans með grundvallarfjárhæð almannatrygginga.

Reikna skal stig með tveimur aukastöfum.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í þrjú ár eða lengur og er orðinn fullra 70 ára að aldri, á rétt á árlegum lífeyri úr sjóðnum.

Ellilífeyrir miðast við meðaltal stiga á ári, sbr. 9. gr., iðgjaldagreiðslutíma og grundvallarfjárhæð almannatrygginga.

Hafi sjóðfélagi áunnið sér stig fyrir fleiri ár en 20, skal reikna meðaltal 20 stigahæstu árána. Hafi hann áunnið sér stig fyrir 20 ár eða færri, skal reikna meðaltal stiga öll þau ár, sem hann hefur áunnið sér stig fyrir. Iðgjaldagreiðslutími telst sá árafjöldi, sem sjóðfélagi hafa verið reiknuð stig fyrir.

Sé iðgjaldagreiðslutíminn 40 ár eða lengri, nemur árlegur ellilífeyrir 45% af þeirri fjárhæð, sem fæst með því að margfalda grundvallarfjárhæð almannatrygginga, eins og hún er á hverjum tíma, með hinu reiknaða meðaltali stiga, sbr. 3. málsg. Sé iðgjaldagreiðslutími skemmri en 40 ár, lækkar ellilífeyrir hlutfallslega.

11. gr.

Rétt til örorkulífeyris á sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 70 ára aldri og missir varanlega helming starfsorku sinnar eða meira, enda hafi hann áunnið sér stig a.m.k. eitt almanaksár, áður en hann verður fyrir orkumissinum. Verði ekki talið, að um varanlegan orkumissi verði að ræða, skal, þegar ár er liðið frá því, er orkumissir átti sér stað, og útlit er fyrir óvinnuhæfni til langframa, úrskurða tíma-bundinn örorkulífeyri.

Hafi sjóðfélagi áunnið sér stig a.m.k. þrjú af þeim fjórum árum, er næst fóru á undan því ári, er hann missti orku sína, eða hafi hann a.m.k. 12 undanfarandi mánuði samfleytt stundað atvinnu, er hafði í för með sér iðgjaldsskyldu, og á þeim tíma verið líkamlega og andlega fær um að inna af höndum venjulegt starf, skal reikna honum stig frá og með því ári, er hann missir orku sína, til loka þess árs, er hann nær 69 ára aldri. Skal þá reiknað með meðaltali stiga fjögur árin næstu á undan því ári, er sjóðfélaginn missti orku sína eða, verði meðtalið hærra með þeim hætti, meðaltali stiga öll árin frá og með því, er sjóðfélaginn náði 17 ára aldri, fram að því ári, er hann missti orku sína. Í síðarnefnda meðaltalinu skal ekki telja með þau ár, allt að helmingi tímans, sem sjóðfélaginn hefur ekki áunnið sér stig eða stig hans eru lægst.

Fullur örorkulífeyrir reiknast eftir reglum 10. gr. um ellilífeyri á grundvelli áunninna og reiknaðra stiga, ef skilyrði 2. málsg. eru uppfyllt, en ella eingöngu á grundvelli áunninna stiga. Fullur örorkulífeyrir greiðist, ef starfsorkumissir er alger, ella greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkumissi.

Tryggingayfirlæknir metur orkumissi þeirra, sem sækja um örorkulífeyri.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli-eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða uppfyllti skilyrði 2. málsg. 11. gr., er hann féll frá, og á þá ekkja, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Það er skilyrði fyrir ekkjulífeyri, að hjónabandið hafi staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn varð 60 ára. Láti sjóðfélagi eftir sig barn, er hann hefur átt með konunni, skal þó ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs við stofnun hjúskapar.

Réttur til ekkjulífeyris fellur niður, ef ekkjan gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið, áður en 5 ár eru liðin frá því, er það var stofnað.

Ekkjulífeyrir nemur 40% af fullum örorkulífeyri, sem sjóðfélaginn naut eða hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði misst orku sína á dánardegi, eða, hafi sjóðfélaginn átt rétt á ellilífeyri, 40% af slíkum lífeyri.

Eigi kona samtímis rétt á ekkjulífeyri úr sjóðnum eftir tvo eða fleiri menn, skal einungis greiða hærri eða hæsta lífeyrinn.

Ath.:

Ymis ákvæði vantar, svo sem um álagningu og innheimtu iðgjalda, greiðslu lífeyris, bætur, sem ekki mega fara saman o. s. frv.



SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFASTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

SKIPULAGSNEFND

REYKJAVÍK, 8/4 1957.

Hin nýkjörna skipulagsnefnd flokksins hefir þegar tekið til starfa og heldur vikulega fundi. Hefir á fyrstu fundum nefndarinnar einkum verið rætt um ýmsa þætti útbreiðslustarfsemi flokksins á næstunni, svo sem erindrekstur, héraðsmót, stjórn málafræðslu o.fl. Er fyrirhugað að efna til allvíðtæks erindreksturs í vor, einkum til að endurskipuleggja samtök ungra Sjálfstæðismanna víðsvegar um land og til að skipuleggja samtök Sjálfstæðismanna í verkalyðsfélögunum um allt land svo sem gert hefir verið hér í Reykjavík með góðum árangri. Þá er og unnið að því að koma upp trúnaðarkerfi Sjálfstæðiskvenna víðsvegar um land. Í sambandi við starf sitt hefir nefndin látið taka saman nokkrar yfirlitsskýrslur.

Nefndin telur eðlilegt að gefa formanni og varaformanni flokksins öðru hverju skýrslu um þau helztu mál, sem nefndin tekur til meðferðar. Leyfir nefndin sér nú að senda hér með:

1. Yfirlit yfir þau málefni, sem nefndin hyggst taka til athugunar á næstunni.
2. Skýrslu um starfandi flokksfélög.
3. Skýrslu um héraðsmót og aðrar meiri háttar samkomur á vegum flokksins á árinu 1956.
4. Greinargerð frá stjórn S.U.S. um ýms mál, er Sambandsstjórnin hyggst vinna að á næstunni.
5. Úrslit stjórnarkjörs í verkalyðsfélögunum.

Virðingarfyllst,

f.h. skipulagsnefndar Sjálfstæðisflokksins

Til

varaformanns Sjálfstæðisflokksins,
hr. alpm. Bjarna Benediktssonar,
R.



SJÁLFASTÆÐISFLOKKURINN

SKRIFSTOFUR: SJÁLFASTÆÐISHÚSINU VIÐ AUSTURVÖLL

SKIPULAGSNEFND

REYKJAVÍK, 9. júlí 1957.

Hér með eru varaformanni Sjálfstæðisflokksins send eftirgreind gögn varðandi starf nefndarinnar:

1. Yfirlit yfir viðtöl formanns nefndarinnar og framkvæmdarstjóra flokksins við þingmenn og frambjóðendur sem til hefir náðst. Jónas G. Rafnar mun senda sérstaka greinargerð um Norðurland.
2. Athugun undirnefndar innan skipulagsnefndar á tilhögun kynningarferða um Reykjavík. Hefir nefndin samþykkt tillögur undirnefndarinnar.
3. Yfirlit um úrslit bæjarstjórnakosninga 1950 og 1954 í kaupstöðum landsins, en nefndin hefir rætt um nauðsyn þess að undirbúa þær kosningar sem best.

Vinsamlegast

Ragnús Þorsson

Til varaformanns Sjálfstæðisflokksins
hr. alpm. Bjarna Benediktssonar

Nokkur verkefni til athugunar fyrir Skipulagsnefnd

1. Formannaráðstefna
2. Erindrekstur
3. Héraðsmót og samkomur í sumar
4. Viðræður við þingmenn og frambjóðendur um starfið í einstökum kjördæmum
5. Athugun á trúnaðarmannakerfi um landið
6. Starfsemi launþegasamtaka: erindrekstur um landið, félag Sjálfst. verkam. og sjómanna trúnaðarmenn á vinnustöðum
7. Félag ungra Sjálfstæðismanna og trúnaðarmannakerfi S.U.S.
8. Stjórnmalaskóli, námskeið, fræðslunefnd
9. Trúnaðarbréf
10. Blaðanefnd; athugun á blaðakosti flokksins og hinna flokkanna
11. Yfirlit um kosningaúrslit og þróun fylgis flokkanna í kjördæmum landsins síðan 1930
12. Kjördæmaskipan
13. Starfsemi Sjálfstæðiskvenna
14. Athugun á starfsemi ópólitískra félaga (samning skrár) og öflugra félagssamtaka, svo sem samvinnufélag og ungmennafélaga
15. Starfsemi stúdentafélaga hér og á meðal Íslendinga erlendis
16. Afurðasöllumál bænda
17. Skipulagning trúnaðarmanna á flotanum
18. Skipulag búnaðarsamtaka
19. Ath. byggingarsamvinnufélög
20. Flokksmiðstöðvar (Vestur-, Austurland)
21. Flokksdagur, flokksvika
22. Útbreiðslutæki; stálpráður, kvikmyndir, bæklingar

23. Starf meðal skólaæskunnar í Rvík og um landið
24. Fulltrúaráð Rvíkur og flokksstarfið þar
25. Héraðsnefndir í Rvík
26. Heildar skipulag flokksins og uppbyggingin í einstökum kjördæmum
27. Skrá um flokksfélög
28. Skrá um flokkseignir (flokksbús)
29. Skrá um flokksblöð og þróun þeirra
30. Flokkssaga
31. Tilhögun landsfunda
32. Hagfræðinganefnd
33. Yfirlit um sögu ákveðinna málefnaflokkanna
34. Skýrsla um kosningar í verklyðsfélögum
35. Samband við fulltrúa flokksins í opinberum nefndum: útvarp, menntamálaráð, húsnæðismn., innfl.skrifstofu o.fl.
36. Bæjarstjórnarkosningar í Rvík og um landið
37. Tímarit
38. Flokksskrifstofa og fyrirgreiðsla
39. Vald, verksvið og vinnubrögð skipulagsnefndar
40. Ráðgefandi nefndir í ýmsum greinum
41. Spjaldskrár og manntal - Listar yfir ungt fólk
42. Iðnnám.

YFIRLIT UM ERINDREKSTUR SUMARID 1957

Erindrekstur á vegum Skipulagsnefndar Sjálfstæðisflokksins og Sambands ungra Sjálfstæðismanna var mjög víðtækur á þessu sumri. Má segja, að erindrekstur þessi hafi verið þrífættur:

- A) Skipulagning samtaka Sjálfstæðismanna í verkalýðsfélögum.
- B) Efling samtaka ungra Sjálfstæðismanna.
- C) Almennur erindrekstur í því skyni að kanna aðstöðu flokksins yfirleitt í hinum ýmsu héruðum landsins.

Fjórir menn störfuðu að þessum erindrekstri. Sigurjón Jónsson, járnsmiður, og Magnús Jóhannesson, trésmiður, unnu að því að skipuleggja samtök Sjálfstæðismanna í verkalýðsfélögum. Birgir Gunnarsson, stud.juris, vann að málum ungra Sjálfstæðismanna og Sigurður Helgason, lögfræðingur, vann að meira eða minna leyti að öllum þeim þáttum erindrekstrar er að framan greinir.

Ferðir erindrekanna hófust í maímánuði og lauk um miðjan septembermánuð, en hver um sig starfaði þó enginn erindrekanna allan þennan tíma.

Auk þeirra erindreka er að framan greinir var Jóhann Sigurðsson, verkamaður, vikutíma norður á Siglufirði á vegum Skipulagsnefndarinnar til þess að kynna sér viðhorf þess mikla fjölda verkafólks og sjómanna, sem þar var um hásíldarvertíðina.

Ferðir erindrekanna.

Sigurður Helgason ferðaðist um Dalasýslu, Vestur-Húnavatnsýslu, Suður-Múlasýslu, Norður-Múlasýslu, Neskaupstað, Seyðisfjörð og Austur-Skaftafellssýslu.

Sigurjón Jónsson ferðaðist um Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Akureyri, Eyjafjarðarsýslu, Ólafsfjörð, Siglufjörð, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók, Austur-Húnavatnsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Strandasýslu, Vestmannaeyjar, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Seyðisfjörð.

Magnús Jóhannesson ferðaðist um Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjörð.

Birgir Gunnarsson ferðaðist um Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu.

Nokkur héruð hafa erindrekarir ekki ferðast um, en þau héruð hafa þó ekki orðið út undan. Þannig hefur aðalerindreki flokksins, Gunnar Helgason, unnið að því að skipuleggja trúnaðarkerfi Sjálfstæðismanna í verkalyðsfélögum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnassýslu og Rangárvallasýslu. Framkvæmdastjóri flokksins á Norðurlandi, Jónas Rafnar, hefur ferðast nokkuð um Suður-Þingeyjarsýslu, og frambjóðandi flokksins í Norður-Þingeyjarsýslu, Barði Friðriksson, hefur að tilhlutan flokksstjórnarinnar ferðast um þá sýslu í sumar.

Árangur erindrekstursins.

Í stuttu máli hefur árangur af ferðum erindrekanna í sumar verið þessi:

1. Stofnaðar hafa verið verkalyðsmálanefndir eða útnefndir sérstakir trúnaðarmenn á nær öllum þeim stöðum á landinu þar sem verkalyðsfélög eru starfandi, og hefur þannig verið lagður grundvöllur að skipulegri baráttu Sjálfstæðismanna í verkalyðsfélögum um land allt.
2. Stofnað hefur verið fjórðungssamband Sjálfstæðismanna á Austurlandi og föstu skipulagi komið á héraðsnefndir í báðum Múlasýslum.
3. Stofnuð hafa verið félög ungra Sjálfstæðismanna í Barðastrandarsýslu, Suður-Múlasýslu og Norður-Múlasýslu og endurreist félag ungra Sjálfstæðismanna á Sauðárkróki.
4. Endurskoðað hefur verið trúnaðarmannakerfi flokksins og trúnaðarmannakerfi Sambands ungra Sjálfstæðismanna í mörgu héruðum landsins.
5. Undirbúin hefur verið stofnun félags ungra Sjálfstæðismanna í Austur-Skaftafellssýslu.
6. Undirbúin hefur verið bændaráðstefna og þing Sambands ungra Sjálfstæðismanna á þessu hausti.

7. Unnið hefur verið að stofnun verzlunarfélags í Vestur-Húnavatnssýslu.
8. Safnað hefur verið mörgum veigamiklum upplýsingum um aðstöðu flokksins víðsvegar um landið og hverra ráðstafana sé þörf til þess að bæta aðstöðu flokksins og efla fylgi hans.
9. Erindrekarnir hafa í framhaldi af ferðalögum sínum leyst úr ýmsum persónulegum erindum, sem trúnaðarmenn flokksins hér og þar hafa beðið þá að annast og hafa ýms haft verulega pólitíska þýðingu.

Ýmsar athuganir:

Skýrslur erindrekanna veita miklar upplýsingar um ástand og horfur í flokksmálum víðsvegar um landið og er þar að finna margvíslegar leiðbeiningar, sem hafa má hliðsjón af við útbreiðslustarf flokksins á næstunni. Margar þessar athuganir erindrekanna eru staðbundnar og þykir ekki ástæða að rekja þær í þessu yfirliti um störf erindrekanna. Skal hinsvegar drepið á nokkur almenn atriði, til þess að gefa nokkra hugmynd um þau vandamál, sem við er að glíma.

1. Víða um land hafa Sjálfstæðismenn lítil eða engin afskipti haft af málefnum verkalýðsfélaganna og víða engar tilraunir gerðar til þess að ná þar áhrifum. Almennt var kvartað yfir skorti á forystumönnum til baráttu í verkalýðsfélögunum, sem ekki mun þó stafa af því, að Sjálfstæðismenn hafi þar lakari mönnum á að skipa en t.d. kommúnistar, heldur er orsökinn víðast fremur sú, að þeir hafa ekki haft sig þar neitt í frammi. Tilfinnanleg vanþekking er víða á starfsháttum, skipulagi og lögum verkalýðsfélaga og Alþýðusambandsins og hafa kommúnistar stundum notfært sér þá vanþekkingu. Þar sem allur atvinnurekstur er í höndum andstæðinganna og þá fyrst og fremst kaupfélaganna, eru Sjálfstæðisverkamenn deigir til átaka af ótta um atvinnuöryggi sitt. Verkalýðserindrekunum var þó hvarvetna mjög vel tekið og kom fram mikil ánægja hjá fylgismönnum flokksins í verkalýðsfélögunum yfir því, að flokkurinn skuli nú leggja meiri áherzlu en áður á starfið í launþegasamtökunum. Ljóst er að víða er grundvöllur fyrir auknum áhrifum Sjálfstæðismanna í verkalýðsfélögum úti um land ef skipulega er unnið. En það er þó eigi síður ljóst, að yfirráð yfir atvinnutækjum er mjög veigamikið atriði í því sambandi.

2. Mjög víða í sveitunum var talið, að útbreiðslu flokksblaðanna væri ábótavant. Tíminn þykir mun læsilegra blað en Ísafold, enda aðstaðan mjög ójöfn, þar sem Tíminn er dagblað en Ísafold vikublað. Er því talin mikil nauðsyn að útbreiða Morgunblaðið meira og bæta dreifingarkerfi þess.
3. Víða í sveitunum eins og við sjávarsíðuna, kvörtuðu Sjálfstæðismenn yfir því, að Framsóknarmenn misnotuðu kaupfélögin sér til pólitísks framdráttar og yrðu Sjálfstæðismenn fyrir margvíslegum óþægindum vegna stjórnmalaskoðanna sinna. Komu víða fram raddir um það, að Sjálfstæðismenn þyrftu sem víðast að mynda með sér verzlunarsamtök eins og gert hefur verið í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellsýslu.
4. Þess varð sumstaðar vart, að erindrekar Framsóknarflokksins höfðu lagt áherzlu á það við trúnaðarmenn flokksins, að reynt yrði með öllum ráðum að útiloka Sjálfstæðismenn frá öllum trúnaðarstöðum í sveitarfélögunum. Þessi boðskapur flokksforustunnar hafði þó hlotið misjafnar undirtektir.
5. Mennt voru almennt ánægðir með héraðsmót flokksins en á ýmsum stöðum komu þó fram raddir um það, að héraðsmótin gætu ekki komið í stað stjórnmalafunda og væri því nauðsynlegt að forystumenn flokksins færu öðru hverju út um land til fundahalda.
6. Lögð var áherzla á það af trúnaðarmönnum flokksins, að haldin yrðu stjórnmalanámsskeið sem víðast á landinu, og nauðsynlegt var talið að aðstoða flokksfélögin til að geta haldið uppi fjölbættu félagslífi.
7. Víðast hvar höfðu trúnaðarmenn flokksins þá sögu að segja, að innan herbúða stjórnarliðsins væri lítil ánægja með ríkisstjórnina og vildu stjórnarliðar sem minnst um ríkisstjórnina tala og hennar verk.

Að lokum skal þess getið, að erindrekarnir urðu hvergi varir við neina óánægju hjá flokksmönnum yfir starfi og stefnu flokksins í stjórnarandstöðunni, að því undanskildu að á stöku stað hafði sá áróður tímans náð að festa nokkrar rætur, að Morgunblaðið hefði hvatt til verkfalla. Lögðu erindrekarnir áherzlu á að sýna fram á rangfærslurnar í þeim áróðri.

Síðari viðræður við forystumenn flokksins víðsvegar um land hafa ótvírætt leitt í ljós, að ferðir erindreka flokksins í sumar hafa verið mjög gagnlegar og örvað flokksmenn til starfa. Það hefur einnig komið í ljós, að vel hefur tekizt til um val á erindrekum, en það atriði er að sjálfsögðu mjög veigamikilið.

ATHUGUN Á SKIPULÖGÐUM MÓTTÖKUM FERÐAFÓLKS
OG SÝNINGARFERÐUM UM REYKJAVÍK

Við undirritaðir höfum eftir ósk skipulagsnefndarinnar tekið til athugunar þá tillögu formanns nefndarinnar, að á skipulagðan hátt verði af flokksins hálfu stuðlað að því að sýna ferðafólki utan af landi bæinn og ýms fyrirtæki hér og jafnvel skipulagðar ferðir utan af landi í þessu skyni.

Mál þetta er yfirgripsmikið og koma ýmsar leiðir til greina, en til þess að reyna að halda væntanlegum aðgerðum innan viðráðanlegra marka, höfum við reynt að einangra þær leiðir, er tiltækilegastar virðast vera.

Tillögur okkar til nefndarinnar eru þessar:

1. Komið verði á fót einhverskonar samvinnunefnd Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, annaðhvort eftir útnefningu stjórnar Sjálfstæðisfélaganna eða stjórnar fulltrúaráðsins og verði hlutverk nefndar þessarar að annast móttöku hópferða, sem einstök Sjálfstæðisfélög kunna að efna til, annaðhvort beint til Reykjavíkur eða með viðkomu í Reykjavík. Etti nefnd þessi að skrifa formönnun allra Sjálfstæðisféлага á landinu, utan Reykjavíkur, og bjóðast til fyrirgreiðslu, ef félögin efndu til áðurgreindra kynningarferða.
2. Stuðlað verði að því eftir föngum, að fulltrúar á þingum og landsfundum, sem haldnir eru í Reykjavík, svo og þátttakendur í ýmskonar ópólitískum hópferðum til Reykjavíkur, eða með viðkomu í Reykjavík eigi þess kost að skoða merkustu staði í bænum, helstu framkvæmdir bæjarins og

eftirtektarverð einkafyrirtæki, eftir því sem við á hverju sinni. Yrðu slíkar sýningarferðir að vera á ópólitískum grundvelli, en þó við það miðaðar, að skoðendur

hljóti að gera sér grein fyrir framtaki Sjálfstæðismanna og góðri stjórn þeirra á höfuðborginni.

Við framkvæmd þesskonar sýningarferða koma ýmsar leiðir til greina. Fyrsta skilyrðið er þó það að fá nauðsynlega aðstoð bæjaryfirvaldanna. Hefir því verið rætt um þessa hugmynd við borgarstjóra. Hefir hann tekið málinu mjög vel og fallið á að skipa sérstakan fulltrúa í skrifstofu sinni til þess að hafa milligöngu við hinar ýmsu stofnanir bæjarins um slíkar skoðunarferðir eftir því sem talið væri heppilegt hverju sinni. Ekki virðist aðið að fá fyrirfram samskonar tengiliði við einkastofnanir og félagasamtök, heldur yrði að athuga þá hlið málsins hverju sinni.

Þá er hin hlið málsins að finna aðila, sem ætti að fylgjast með mánfundum, sem hér eru haldnir og hópferðum, sem leið eiga til bæjarins eða hafa komu í bænum. Sýnist okkur eðlilegast, að skrifstofa flokksins reyndi eftir föngum að fylgjast með þessu, en athugandi væri jafnframt að setja undirnefnd innan skipulagsnefndarinnar eða ef til vill að einhverju leyti utan hennar, til þess að hafa þessi kynningarferðamál sérstaklega með höndum.

Tiltölulega ætti að vera auðvelt að fylgjast með, hvenær hin ýmsu landsþing eru haldin í Reykjavík, en erfiðara getur reynst með hópferðirnar. Í því sambandi er nauðsynlegt að gera öllum þingmönnum flokksins og frambjóðendum grein fyrir þessum hugmyndum nefndarinnar

og óska aðstoðar þeirra, eða raunar öllu heldur gefa þeim kost á aðstoð nefndarinnar í þessu efni, því að þetta ætti að vera áhugamál hvers þingmanns og fram-
bjóðanda. Er líka nauðsynlegt að reyna að tengja þá við þessar kynningarferðir, svo sem kostur er. Ætti því að beina því til allra þingmanna flokksins og fram-
bjóðenda í kjördæmum utan Reykjavíkur að láta skrif-
stofu flokksins vita af slíkum hópferðum úr kjördæmum þeirra og þá jafnframt eftir atvikum gefa vísbendingar um það, hvað heppilegast myndi vera að sýna hverju sinni. Þar sem þingmenn og frambjóðendur ekki hafa aðstöðu til að fylgjast sjálfir með ferðum úr kjördæmum sínum, kemi til greina að fela flokksráðsmönnum það hlutverk.

3. Þótt það væri raunar ekki í verkahring okkar, viljum við benda á, hvort ekki myndi rétt að reyna að stuðla að því, að á vegum einhvers aðila, væntanlega helst ferðaskrifstofu í bænum, væri efnt til skipulegra sýningarferða um bæinn, sem að miklu leyti yrðu sennilega hagnýttar af Reykvíkingum sjálfum en þó einnig ánefa af einstaklingum, sem væru hér á ferð. Ætti bærinn að geta átt hér einhverja aðild að, því að ekki virðist óeðlilegt að bæjaryfirvöldin greiddu á einhvern hátt fyrir því, að bæjarbúar gætu kynnt sinni eigin borg og framkvæmdum þeim, er þeir leggja fé til. Jafnframt væri auðvitað nauðsyn-
legt, að leiðsögumenn og forráðamenn viðkomandi ferða-
skrifstofu væru okkur flokkslega vinveittir. Þetta mál

hefir verið nokkuð rætt við forstjóra ferðaskrifstofunnar Orlof og telur hann slíkar kynningarferðir mjög æskilegar og mun fús að styðja framgang málsins að sínu leyti, en ýms atriði þarf að athuga nánar.

4. Við höfum sérstaklega rætt um það, hvort beinlínis ætti að stuðla að skipulögðun kynningarferðum til bæjarins utan af laudi. Leggjum við á móti því að svo verði gert. Teljum við hætt við, að það myndi mælast illa fyrir og ennfræmur teljum við varhugavert að ráðast í svo viðtækar áðgerðir í þessum kynningarmálum, að þær verði ekki viðráðanlegar og allt kafni í fæðingunni af þeim sökum.

Reykjavík, 20. júní 1957

Magnús Jónsson

Páll S. Pálsson

Þór Vilhjálmsson